

## Sveitarstjórnarfundur 4. júní 2023

Sunnudaginn 4. júní 2023 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 13. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Franklín B. Ævarsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið 12

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið 13

### Dagskrá 13. fundar:

1. Ársreikningur 2022 – Seinni umræða
2. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Seinni umræða
3. Fundargerð 12. sveitarstjórnarfundar 21.5.2023
4. Fundargerðir nefnda
5. Aðrir fundir
6. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi
7. Erindi frá Laugarhóli ehf. og Remote Iceland ehf.
8. Skoðanaskýrslur frá Vinnueftirlitinu
9. Tilnefning í stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna
10. Skipan fulltrúa Kaldrananeshrepps í svæðaskipulagsnefnd Vestfjarða
11. Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands
12. Kirkjugarðurinn fyrir Drangneskapellu
13. Umsókn um leiguíbúð í Kaldrananeshreppi

### Fundargerð:

#### 1. Ársreikningur 2022 – Seinni umræða

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2022 er hér lagður fram til síðari umræðu.

Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóður. Í B-hluta eru hafnarsjóður, vatnsveita og hitaveita.

Rekstrartekjur A- og B-hluta Kaldrananeshrepps námu á árinu 192,5 millj. kr., þar af voru rekstrartekjur A-hluta 161,3 millj. kr.

Rekstrargjöld A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði námu 169.6 millj. kr., þar af voru rekstrargjöld A-hluta 151,5 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2022 er jákvæð um 11,7 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 15,6 millj. kr.

Eignir A- og B-hluta Kaldrananeshrepps voru í árslok 2022 samtals 347,8 millj. kr. þar af voru eignir A-hluta 383,3 millj. kr.

Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta voru á sama tíma 22,7 millj. kr., þar af voru skuldir og skuldbindingar A-hluta 34,9 millj. kr.

Eigið fé A- og B-hluta nam 325,1 millj. kr. í árslok, þar af nam eigið fé A-hluta 348,4 millj. kr. Eiginfjárhlutfall A- og B hluta nam 93,4%, og eiginfjárhlutfall A-hluta nam 90,9%.

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2022 borinn upp til afgreiðslu.

Kristján Jónasson, endurskoðandi sveitarfélagsins hjá KPMG gerir grein fyrir helstu liðum ársreikningsins.

Sveitarstjórnar og samþykktur með fimm atkvæðum, enginn á móti.

## **2. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Seinni umræða**

Uppfærð samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps tekin til yfirferðar þar sem tekið hefur verið tillit til lagabreytinga og nýrrar fyrirmyndar frá ráðuneytinu.

Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps lögð fram til seinni umræðu.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Málstefna Kaldrananeshrepps vísað til næsta fundar.

Borið upp og samþykkt.

## **3. Fundargerð 12. sveitarstjórnarfundar 21.5.2023.**

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

## **4. Fundargerðir nefnda**

Engar fundargerðir lágu fyrir.

## **5. Aðrir fundir**

a. Samband íslenskra sveitarfélaga, 926. fundur stjórnar, 17.05.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 927. fundur stjórnar, 26.05.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

## **6. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi**

Hreppnum barst þrjár umsóknir þar sem óskað var eftir því að fá leigðar lóðir nr. 3, 4 og 5 í landi Skarðs í Bjarnarfirði.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknirnar og samþykkir að afhenda umbeðnar lóðir um leið og deiliskipulag hefur tekið gildi.

Sveitarstjórn samþykkir að hefja vinnu við gerð deiliskipulags í landi Skarðs.

Oddvita falið að annast verkið.

Borið upp og samþykkt.

#### **7. Erindi frá Laugarhóli ehf. og Remote Iceland ehf.**

Hjálagt er erindi frá Laugarhóli ehf. og Remote Iceland ehf. en fyrirhugað er að leggja vatns- og rafmagnslagnir framhjá tjaldsvæðinu á Laugarhóli að nýrri sumarhúsabyggð á Klúku í Bjarnarfirði.

Stjórn Laugarhóls ehf. og rekstraraðila hótelsins (Remote Iceland ehf.) óska eftir því að Kaldrananeshreppur komi að uppsetningu á heimtaug fyrir tjaldsvæðið og kanni hvernig hægt sé að gera það með sem hagkvæmustum hætti en tenging við rafmagn virðist vera forenda þess að fólk með tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi sér tjaldsvæðið sem samastað.

Hildur og Finnur víkja af fundi.

Erindi frá Laugarhóli ehf. og Remote Iceland ehf. lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn ákveður að verða við beiðni Laugarhóls ehf. og Remote Iceland ehf. og greiði fyrir 100 A heimtaug tjaldsvæðisins. Borið upp og samþykkt.

Hildur og Finnur mæta aftur á fund.

#### **8. Skoðanaskýrslur frá Vinnueftirlitinu**

Fyrir liggja skoðanaskýrslur frá Vinnueftirlitinu vegna reglubundna skoðana sem framkvæmdar voru 26. maí sl. annars vegar á Drangsneshreppum og hins vegar í Kokkálsvíkurbænum.

Engin athugasemd barst vegna Kokkálsvíkurbænum en skipta þarf um hífíkrók á Drangsneshreppum.

Skoðanaskýrslur lagðar fram til kynningar. Hafnarstjóra falið að bregðast við. Borið upp og samþykkt.

#### **9. Tilnefning í stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna**

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna óskar eftir tilnefningu í stjórn. Óskað er eftir því að Kaldrananeshreppur, Árneshreppur og Strandabyggð sammælast um tilnefningu, bæði aðal- og varamann.

Sveitarstjórn tilnefna Hildi Aradóttur og Þorgeir Pálsson til vara fyrir hönd Stranda. Þjónustufulltrúa falið að upplýsa Árneshrepp og Strandabyggð um tilnefninguna. Borið upp og samþykkt.

#### **10. Skipan fulltrúa Kaldrananeshrepps í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða**

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar eftir tilnefningu tveggja fulltrúa frá sveitarstjórn

Kaldrananeshrepps í svæðisskipulagsnefnd fyrir Vestfirði.

Sveitarstjórn skipa Arnlín Óladóttur og Finn Ólafsson sem fulltrúa hreppsins.  
Þjónustufulltrúa falið að upplýsa Fjórðungssamband Vestfirðinga.  
Borið upp og samþykkt.

#### **11. Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands**

Stjórn Skógræktarfélags Íslands varar við neikvæðum málflutningi andstæðinga skógræktar en talið er að Ísland er eitt fátækasta land Evrópu af skógum.

Félagið lýsir sig því reiðubúið að veita upplýsinga og halda áfram að vinna með stjórnvöldum og sveitarfélögum landsins að því að klæða landið, gera það byggilegra og náttúruvænna með skipulagðri skógrækt.

Erindi Skógræktarfélags Íslands lagt fram til kynningar.

#### **12. Kirkjugarðurinn fyrir Drangneskapellu**

Nú er þörf á að stækka lóð í landi Gautshamars, undir kirkjugarð fyrir Drangneskapellu í Stekkjarvík.

Erindi lagt fyrir.

Oddvita falið að semja við landeigendur og gera formlegan samning til þinglýsingar.  
Borið upp og samþykkt.

#### **13. Umsókn um leiguíbúð í Kaldrananeshreppi**

Hreppnum barst umsókn þar sem óskað var eftir leiguíbúð á Drangnesi.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknirnar og mun leita lausna.  
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundu slitið klukkan 22:45